

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/8/03

frá 15. mars 2012

um vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavespi í fódri og matvælum

(2012/154/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til efurfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fódri⁽¹⁾ er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir, ætlaðar í fódur, sem innihalda óæskileg efni í styrk yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Hámarksgildið 1 000 mg/kg af drjólum grasdrjólavespa (*Claviceps purpurea*) á rúgi hefur verið fastsett fyrir fódur sem inniheldur ómalað korn.
- 3) Sérfræðinganefndin um aðskotaefni í matvælaferlinu á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) samþykkti 19. apríl 2005⁽²⁾, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, álit í tengslum við grasdrjólavesp sem óæskileg efni í fódri.
- 4) Heitið grasdrjólavespur vísar til formgerða sveppa af tegundinni *Claviceps*, sem myndast í stað frækorna á kornöxum eða fræja á öxum grasanna, sem eru sýnilegir sem stórir, dökkleitir drjólur. Þessir drjólur innihalda mismunandi flokka beiskjuefna og þau mikilvægustu eru ergómetrín, ergótamín, ergósín, ergókristín, ergókryptín og ergókornín og tengd -ínín þeirra. Magn og eiturefnamynstur eru breytileg milli sveppastofna, háð hýsilplöntu og landfræðilegu svæði.

- 5) Sem stendur er breytileiki í mynstri beiskjuefna úr grasdrjólavespi í tengslum við sveppategundir, landfræðilega dreifingu sem og í tengslum við hýsilplöntuna (t.d. er beiskjuefnamynstrið í grasdrjólavespi á rúgi öðruvísi en í grasdrjólavespum á öðrum grastegundum), ekki þekktur. Þörf er á fleiri gögnum til að sanngreina alla þætti sem valda því að mynstur beiskjuefna úr grasdrjólavespi er breytilegt í einstökum plöntutegundum.

- 6) Eðlissræn ákvörðun á mengunarhlutfalli í korni af völdum grasdrjólavesps á rúgi er oft ónákvæm þar eð stærð og þyngd drjólanna getur verið mjög breytileg. Enn fremur er þessi eðlissræna ákvörðun ekki möguleg í unnu fódri og matvælum. Þar af leiðandi hefur verið lagt til að auk eftirlits með eðlissrænum aðferðum verði einnig kveðið á um möguleikann á eftirliti með efnagreiningum á fódri og matvælum, sem eru hugsanleg menguð, þar eð ýmsar aðferðir, þar sem litskilja er notuð, eru tiltækar til að greina beiskjuefni úr grasdrjólavespi í fódri og matvælum. Aðferðirnar eru þó takmarkaðar við tiltekinn fjölda beiskjuefna úr grasdrjólavespi.

- 7) Nauðsynlegt er að útvega fleiri gögn um tilvist þessara beiskjuefna úr grasdrjólavespi, ekki einungis í ómöluðu korni heldur einnig í kornvörum og fódurböndu og matvælum, og afla áreiðanlegra gagna um mynstur beiskjuefna úr grasdrjólavespi í fódri og matvælum og tengja tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavespi við það magn af drjólum sem er til staðar. Rétt þykir að beina þessari vöktun að þeim sex beiskjuefnum úr grasdrjólavespi, sem eru aðallega fyrir hendi, þ.e.a.s. ergómetrín, ergótamín, ergósín, ergókristín, ergókryptín og ergókornín og tengdum -íninum þeirra

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.01.2013, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

⁽²⁾ Álit sérfræðinganefndarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, um grasdrjólavesp sem óæskileg efni í fódri, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2005) 225, 1–27. http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/contam_op_ej225_ergot_en1.pdf

1. Aðildarríkin ættu, með virkri þátttöku stjórnenda fódur- og matvælafyrirtækja, að annast vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavespi í korni og kornvörum, sem eru ætluð til manneldis eða í fódur, í bithagagras og fódurjurtum í fódur fyrir dýr og í fódurböndum og samsettum matvælum.

2. Aðildarríkin ættu að greina sýnin, a.m.k. með tilliti til eftirfarandi beiskjuefna úr grasdrjólaveppi:

- ergókristín/ergókristínín,
- ergótamín/ergótamínín,
- ergókryptín/ergókryptínín,
- ergómetrín/ergómetrínín,
- ergósín/ergósínín,
- ergókornín/ergókornínín.

3. Aðildarríkin ættu samtímis að ákvarða, þegar unnt er, magn drjóna í sýninu í því skyni að geta aukið þekkingu á tengslum milli magns drjóna og einstakra beiskjuefna úr grasdrjólaveppi.

4. Leggja ætti greiningarniðurstöðurnar reglulega fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til samantektar í gagnagrunn.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.